

1141. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 25. janúar 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á .0 hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1140. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1140. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kosning í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Áður en kosning hófst samkvæmt reglum ræddi Ólafía Björk það að ferli kosninga stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna hafi legið fyrir síðan á aðalfundi 2014. Kynning frambjóðenda hafi farið fram á Hótel Natura Reykjavík þar sem hver kynnti sínar áherslur. Þá hafi umsækjendur fengið skriflegar spurningar sem flestir hafi svarað.

Umræður.

Páll Örn tók til máls í umræðum, las hann upp og lagði fram eftirfarandi bókun auk bréfs dags. 25. janúar 2016 frá Þorbjörgu I. Jónsdóttur hrl. hjá Lagabíng sf. sem stílað var á stjórn VR.

„1141. stjórnarfundur VR 25. janúar 2016

Bókun

Undirritaður leggur fram Lögfræðiálit frá Þorbjörgu I. Jónsdóttur hrl., Lagabíng sf. Þetta álit var sent á alla stjórnarmenn í morgun og því ættu þeir að vera búnir að kynna sér málið.

Í framhaldi af þessu álitu þá væri það að mínu mati mjög óábyrgt af stjórn VR að halda áfram að óbreyttu því ferli sem er í gangi í sambandi við kjör til stjórnar LIVE. Þetta er lögfræðiálit er harður dómur yfir vinnubrögðum stjórnar VR. Ég mun sjálfur endurskoða stöðu mína sem stjórnarmaður að fengnu þessu lögfræðiálitu.

Ég mun ekki taka þátt í þessari kosningu á stjórnarmönnum LIVE og mun því yfirgefa stjórnarfundinn eftir þessa bókun.

Virðingarfullst.

Páll Örn Líndal. (sign)“

Eftir að Páll Örn hafði lesið upp bókun sína yfirgaf hann fundinn kl. 17:35.

Ólafía Björk ræddi bókun Páls Arnar stuttlega. Stjórn VR setti sér reglur um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem samþykktar voru af stjórn VR 12. mars 2014 og svo kynntar á aðalfundi. Það sem stjórn VR vildi gera með þessu var að tryggja aðkomu fleiri aðila að ferlinu og byggja undir lýðræðisleg vinnubrögð. Unnið hefur verið eftir þeim reglum sem stjórnin setti sér og hafa komið fram jákvæð viðbrögð um að VR sé að opna ferlið við val á stjórnarmönnum. Það er álit lögmanns VR að ekki sé hægt að fallast á fullyrðingar lögmanns Páls Arnar. Lögmaður VR telur að stjórn VR sé heimilt að setja sér reglur um hvernig val á stjórnarmönnum í Lífeyrissjóð verzlunarmanna sé hátað og í reglum stjórnar sé ekki um að ræða óeðlilegt valdaframsal. Við verðum að geta staðið með okkar eigin reglum og það hefur verið vel staðið að þessari framkvæmd að öllu leiti.

Umræður.

Ólafía Björk sagðist að lokum ætla að boða til stjórnarfundar næsta miðvikudag þar sem stjórn myndi staðfesta kjör þeirra stjórnarmanna LV sem kosnir verða.

Var nú gengið til leynilegrar kosningar um tvo stjórnarmenn í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og átti að velja eina konu og einn karl úr lista 16 umsækjenda þar sem voru 8 karlar og 8 konur í framboði.

Úrslit

Flest atkvæði karla fékk **Magnús R Guðmundsson** eða 9 atkvæði
Flest atkvæði kvenna fékk **Ína B Hannesdóttir** eða 7 atkvæði

Eru þau Magnús og Ína því réttilega kjörin sem stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verzlunarmanna fyrir næsta kjörtímabil 2016 – 2019.

Aðrir sem fengu atkvæði voru Ólafur Reimar Gunnarsson 3 atkvæði og Ásta Rut Jónasdóttir 5 atkvæði.

Fundi var slitið kl. 17:53
Árni Leósson fundarritari